

6. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 30. nóvember 2016 kl. 18:00.

Mættir eru: Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Jóhann Helgi Konráðsson og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðuðu: Hjalti Þorvarðarson og Viktor S. Pálsson.



1. Erindi um nýja deild innan Umf. Selfoss

Árni Steinarsson og Ólafur Oddur Sigurðsson mættu til að fylgja eftir erindi um að stofna lyftingadeild innan Umf. Selfoss sem væri reist á grunni kraftlyftingadeildar sem var starfandi innan félagsins fyrir nokkrum misserum. Framkvæmdastjórn fór yfir starfsemi og lög félagsins sem öllum deildum ber að vinna samkvæmt. Lög félagsins kveða á um að aðalstjórn geti veitt deild bráðabirgðaaðild að félaginu fram að aðalfundi. Erindið verður tekið fyrir á næsta fundi aðalstjórnar.

2. Tilboð í símkerfi

Lögð voru fram tilboð frá símafyrirtækjunum Nova, Vodafone og Símanum í símkerfi og þjónstu fyrir starfsemi Umf. Selfoss. Fulltrúum allra aðila var boðið að kynna tilboð sitt og mætti einungis fulltrúi Nova. Að loknum umræðum var málinu vísað til nánari vinnslu framkvæmdastjóra sem leggur málið fram á næsta fundi aðalstjórnar.

3. Samningar við Sveitarfélagið Árborg

Lagðar fram tölur úr fyrri umræðu úr fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar er varða samninga við Umf. Selfoss. Vísað til afgreiðslu á næsta fundi aðalstjórnar.

Aðalstjórn félagsins hefur jafnframt verið boðið til samstarfsfundar með bæjarstjórn Árborgar fimmtudaginn 1. desember.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 19:45.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**